

Heil og sæl!

Þá er búið að **opna valið fyrir næstu önn, haustönn 2022**. Við biðjum ykkur vinsamlegast um að huga tímanlega að því að fylla það út í INNU. Síðasti dagur til þess að skila inn vali er fimmtudagurinn 31. mars. Fyrsta árs nemar velja með Hámarkskennum sínum, nemendur á starfsbraut velja með umsjónarkennurum sínum, auk nemenda á 2. ári en aðrir nemendur velja sjálfir. Athugið, þið þurfið að velja sex áfanga að lágmarki auk íþróttar en **allar leiðbeiningar má finna á heimasíðu skólans**. Auk þess bjóðum við upp á **Námstorg í anddyri skólans** þar sem umsjónarkennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur verða til taks fyrir nemendur og til leiðsagnar – um að gera að þiggja það.

Við vekjum athygli á því að næsta föstudag, **föstudaginn 25. mars, er uppsópsdagur** hinn síðari á önninni. Þetta þýðir að það er engin kennsla þennan dag en starfsfólk og nemendur skólans geta nýtt daginn til að vinna upp verkefni, læra fyrir næsta próf eða undirbúa sig fyrir síðustu vikurnar fyrir páskafrí. Það er von okkar að dagurinn nýtist öllum, ekki síst til að slaka á og hlaða batteríin.

Illt gerir engum gott, segir í málshætti úr litlu páskaeggjum sem ég gæddi mér á í gær. Ég held að það sé viðeigandi að hafa þetta í huga þessa síðustu daga í aðdraganda páskafrí. Flensborgarskólinn stendur fyrir *menntun til farsældar og framtíðar* og við leggjum áhersla á að **nemendur standi saman, taki tillit til hvors annars og séu vinir**. Alla daga, alltaf. Höfum þetta í huga og um leið og við njótum þess að hafa gaman saman þá skulum við einnig gæta vel að hvort öðru.

Með vinsemd og virðingu,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594

